

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál.

Þann 30. maí 2018 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) við ofangreint frumvarp. Frumvarpinu er ætlað að innleiða í íslenskan rétt reglugerð ESB 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (reglugerðin).

Reglugerðin leggur umfangsmiklar skyldur á herðar þeirra sem meðhöndla persónuupplýsingar og leggur FA áherslu á að ný löggjöf á sviði persónuverndar feli ekki sér reglur sem eru meira íþyngjandi en þörf er á.

Athugasemdir FA eru eftirfarandi:

Ákvæði 2. gr. og 3. mgr. 5. gr.

Með 2. gr. frumvarpsins er reglugerðinni veitt lagagildi í heild sinni með tilvísunaraðferð og birtist reglugerðin sem fylgiskjal með frumvarpinu. Í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins kemur fram að ákvæði reglugerðarinnar sé veitt lagagildi samhliða lögfestingu nýrra heildarlaga um persónuvernd til að uppfylla þær skyldur sem 7. gr. EES-samningsins leggur á íslensk stjórnvöld.

Reglugerðin er óhefðbundin að því leytinu til að við einstök ákvæði reglugerðarinnar er að finna svigrúm til handa aðildarríkjum við innleiðinguna og svipar henni þannig til tilskipana. Reglugerðin kallar því á frekari lagabreytingar en innleiðingu með tilvísunaraðferð einni og sér. Í athugasemdum í greinargerð eru færð rök fyrir þeirri leið sem valin var við innleiðingu og gerir FA m.t.t. framangreinds ekki athugasemd við leiðina sem slíka. Þó sé mikilvægt að samspil laganna og reglugerðarinnar sé skýrt.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir:

„Ákvæði reglugerðarinnar ganga framur ákvæðum laga þessara.“

Samkvæmt athugasemdum að baki ákvæðinu er markmið þess að tryggja að ákvæði reglugerðarinnar gangi framur komi í ljós ósamræmi á milli ákvæða frumvarpsins og ákvæða reglugerðarinnar eða vafi um ólíkan skilning. Ákvæðið er að finna í 5. gr. sem ber fyrirsögnina „Tengsl við önnur lög“. Í 1. og 2. mgr. ákvæðisins er gert grein fyrir tengslum laganna við sérákvæði annarra laga, upplýsingalög og stjórnisýslulög.

Það er mat FA að framangreint orðalag 3. mgr. 5. gr gefi til kynna að reglugerðin kunni að geyma sérákvæði sem eru efnislega ólík ákvæðum laganna og gangi framur ákvæðum þeirra með þeim afleiðingum að þeir sem lesi lagatextann telji sig þurfa að leita eftir sérákvæðum í reglugerðinni. Hlýtur það að vera þvert á markmið innleiðingaraðferðarinnar, þ.e. að lögin veiti heildarmynd.

FA leggur til eftirfarandi breytingartillögu á orðalagi 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins:

„Ef ákvæði laga þessara eru ósamrýmanleg reglugerðinni ganga ákvæði reglugerðarinnar framur.“

Þannig er ákveðinn varnagli sleginn komi í ljós ósamræmi eftir gildistöku laganna eða ágreiningur um túlkun. Ekki þarf að kveða sérstaklega á um þau ákvæði reglugerðarinnar sem ekki er að finna í lögnum.

Þá er það mat FA að ákvæðið eigi fremur heima í 2. gr. laganna, sem 2. mgr. 2. gr. Enda samspil laganna við reglugerðina eðlisólíkt þeim tengslum sem gert er grein fyrir í 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr.

Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins kemur fram að lögin og reglugerðin gildi um vinnslu persónuupplýsinga látinna einstaklinga í 5 ár frá andláti þeirra en lengur þegar um sé að ræða persónuupplýsingar sem sanngjarnt og eðlilegt megi telja að leynt fari.

Í 27. lið formála reglugerðarinnar kemur fram að reglugerðin gildi ekki um persónuupplýsingar látinna einstaklinga. Aðildarríki megi þó setja reglur um meðferð slíkra upplýsinga.

FA leggur til að ákvæðið fellt úr úr frumvarpinu.

Ákvæði 40. gr.

Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ráðherra getur sett gjaldskrá sem mælir fyrir um gjald sem ábyrgðaraðili skal greiða Persónuvernd vegna þess kostnaðar sem hlýst af eftirliti með því að hann fullnægi skilyrðum laga þessara og reglna sem settar eru samkvæmt þeim eða einstökum fyrirmælum. Með gjaldskránni er einnig heimilt að kveða á um að ábyrgðaraðili greiði kostnað við úttekt á starfsemi við undirbúning útgáfu vinnsluleyfis og annarrar afgreiðslu.“

Í athugasemdum að baki ákvæðinu kemur fram að ákvæðið feli ekki í sér nýmæli, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 77/2002, en með ákvæðinu sé gert ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að setja gjaldskrána, að fengnum tillögum Persónuverndar. FA fær ekki ráðið að athugasemdunum hvort tilgangur breytts orðalags ákvæðisins hafi einvörðungu verið að veita ráðherra heimild til að setja gjaldskrá til viðmiðunar í þeim tilvikum sem Persónuvernd nýtir sér heimild til að ákveða að ábyrgðaraðili greiði kostnað eða hvort ætlunin sé að kveða á um skyldu til greiðslu eftirlitsgjalds til Persónuverndar. Fyrirtæki hafa fram til þessa ekki greitt eftirlitsgjald til Persónuverndar vegna frumkvæðismála, þó kveðið sé á um heimild stofnunarinnar til að ákveða að ábyrgðaraðili greiði kostnað sem hlýst af eftirliti í núgildandi lögum. Fær félagið ekki séð að þörf sé á breytingu í þessum efnunum.

FA leggur til að ákvæðið verði fellt út úr frumvarpinu.

Ákvæði 41. gr.

Komi í ljós að vinnsla persónuupplýsinga brjóti í bága við ákvæði reglugerðarinnar, laganna eða reglna settra samkvæmt þeim mun Persónuvernd samkvæmt 3. mgr. 41. gr. frumvarpsins vera heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva til bráðabirgða starfsemi viðkomandi aðila og innsigla starfsstöð hans þegar í stað.

Ekki er kveðið á um sambærilega heimild í reglugerðinni þó fram komi að aðildarríkjum sé heimilt að kveða á um frekari valdheimildir en þar eru tilgreindar, sbr. 58. gr. reglugerðarinnar. FA fær ekki séð hví þörf sé á slíku ákvæði, sem gengur umtalsvert lengra en þær valdheimildir sem tilgreindar eru í reglugerðinni.

FA leggur til að ákvæðið verði fellt út úr frumvarpinu.

Ákvæði 45. gr

Samkvæmt 45. gr. frumvarpsins mun Persónuvernd geta lagt dagsektir á aðila að fjárhæð kr. 200.000 á dag. Í athugasemdum að baki ákvæðinu kemur fram að greinin sé efnislega hliðstæð dagsektarákvæði núgildandi laga, sbr. 41. gr. laga nr. 77/2002. Eðlilegt sé að hækka fjárhæðina í kr. 200.000 m.t.t. verðlagsþróunar.


Með hinum nýju lögum eru Persónuvernd færðar umfangsmiklar valdheimildir, m.a. heimild til álagningar hárra stjórnvaldssekta. „Líklega því hæsta sem um getur í íslenskum lögum“ eins og segir í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu. Persónuvernd hefur fram til þessa ekki haft heimild til að leggja á stjórnvaldssektir og fær FA ekki séð þörf á að halda inni heimild til álagningar dagsekta eftir að stofnuninni hefur verið fært svo mikið vald. Slíkar valdheimildir eru úr öllu hófi. Þá gerir reglugerðin ekki kröfu um dagsektarheimild.

FA leggur til að ákvæðið verði felld út úr frumvarpinu.

FA gerir að lokum athugasemd við hversu seint frumvarpið er lagt fram. Þó um innleiðingu á reglugerð ESB sé að ræða er reglugerðin óhefðbundin að því leytinu til að aðildarríkjum er veitt ákveðið svigrúm við innleiðingu.. Mikilvægt er að vandað sé til verka við innleiðingu regluverks á borð við það sem hér um ræðir.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Guðný Hjaltadóttir, lögfræðingur FA